

Prófnúmer _____

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM
III. hluti

Markaðsviðskipti og viðskiptahættir (30%)
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir
Helga Hlín Hákonardóttir

Mánudagur 21. apríl 2008

Prófið er 3 blaðsíður

Öll námsgögn leyfileg

Vinsamlegast svarið á sérstakt svarblað sem fylgir með (krosspróf – svarblað). Gætið þess að merkja svarblað með prófnúmeri, munið að slökka á farsímum og vinsamlegast hafið persónuskilríki á borðum.

Gangi ykkur vel!!

(Vægi 30 %)

Krossaspurningar (hver kross hefur 2,5% vægi).

Athugið að svörum við krossaspurningum skal skilað á sérstöku svarblaði

1. Siðareglur Kauphallarinnar gilda:

- a. eingöngu fyrir starfsmenn kauphallaraðila sem setja fram tilboð í viðskiptakerfi Kauphallarinnar.
- b. fyrir alla aðila að Kauphöllinni, þ.m.t starfsfólk þeirra.
- c. fyrir alla sem eiga verðbréfavíðskipti á Íslandi.
- d. ekkert ofangreint á við.

2. Fjármálafyrirtæki skal samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti hafa umsjón með:

- a. að fá staðfestingu á lýsingum og fjármálagerninga tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
- b. sölu verðbréfa til fagfjárfesta.
- c. almennu útboði verðbréfa.
- d. a. og c. er rétt.

3. Stjórn útgefanda sem hefur í hug að fá verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er:

- a. skylt að láta fara fram áreiðanleikakönnun á útgefandanum og verðbréfum hans.
- b. heimilt að láta fara fram áreiðanleikakönnun á útgefandanum og verðbréfum hans.
- c. skylt að framkvæma sjálf áreiðanleikakönnun á útgefandanum og verðbréfum hans.
- d. er skylt að stýra vinnu við gerð áreiðanleikakönnunar.

4. Reglan um lögbundin forgangsrétt hluthafa:

- a. þýðir að hluthafar fá rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í samræmi við hlutafjáreign sína.
- b. miðar að því að viðhalda því valdajafnvægi sem ríkt hefur í hlutafélaginu.
- c. þýðir að samþykki meirihluta hluthafa þarf til að breyta valdajafnvæginu sem ríkt hefur í hlutafélaginu.
- d. allt ofangreint er rétt.

5. Birting opinberrar fjárfestingaráðgjafar skal ávallt fara fram:

- a. á Evrópska efnahagssvæðinu.
- b. á jafnræðisgrundvelli.
- c. í upplýsingakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar.
- d. allt ofangreint á við.

6. Þegar kemur að verðlagningu hluta sem selja á í almennu útboði, skal útgefandi:

- a. verðleggja hlutina sem hæst þar sem það færir félaginu meira fjármagn en ella.
- b. bjóða starfsmönnum hluti á lægra verði en öðrum.
- c. verðleggja hlutina nógu lágt til að öruggt sé að allir hlutir sem í boði eru, seljist.
- d. ekkert ofangreint á við.

7. Meðal hlutverka regluvarða lögum samkvæmt, hjá fjármálafyrirtækjum sem hafa heimild til verðbréfavíðskipta, er að fylgjast með því að:

- a. eigið fé fjármálafyrirtækja sé alltaf rétt lögum samkvæmt.
- b. að stjórn félagsins starfi alltaf rétt lögum samkvæmt.
- c. fjármálafyrirtækið starfi í samræmi við góða víðskiptavenju, sbr. 5. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.
- d. allt ofangreint er rétt.

8. Greinandi opinberar fjárfestingaráðgjafar skal í opinberri fjárfestingaráðgjöf greina frá:

- a. öllum hagsmunatengslum og aðstæðum sem hafa haft áhrif á hlutleysi ráðgjafarinnar.
- b. fjárhagslegum hagsmunum greinanda af greiningunni.
- c. hagsmunatengslum greinandans við andlag greiningarinnar.
- d. allt ofangreint er rangt.

9. Reglur um eigin víðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækja gilda um alla starfsmenn:

- a. fjármálafyrirtækisins.
- b. þess sem búa yfir innherjaupplýsingum.
- c. þess sem hafa aðgang að t.d. trúnaðarupplýsingum sem tengjast víðskiptavinum.
- d. allt ofangreint er rétt.

10. Þegar verðbréf eru seld í lokuðu útboði:

- a. þá þarf Fjármálaeftirlitið að staðfesta lýsingu sem gerð skal vegna útboðsins.
- b. þá þarf kauphöll að staðfesta lýsingu sem gerð skal vegna útboðsins.
- c. skal bjóða þau m.a. afmörkuðum hópi sem ekki telst til fagfjárfesta.
- d. ekkert ofangreint á við.

11. Hvaða fullyrðing er rétt:

- a. sala á verðbréfum í frumsölu fer alltaf fram fyrir tilstilli útgefanda.
- b. öll verðbréf sem tekin eru til víðskipta í NASDAQ OMX Kauphöllinni á Íslandi, hafa áður verið seld í frumsölu.
- c. þegar útgefin verðbréf geta ekki verið seld í frumsölu.
- d. frumsala getur aðeins farið fram í almennu útboði.

12. Hvaða fullyrðing er rétt:

- a. fjármálafyrirtæki skal koma í veg fyrir að hvers kyns hagsmunaárekstrar eigi sér stað í rekstri þess.
- b. fjármálafyrirtæki fellir á sig bótaábyrgð ef upplýsingar um ótengda víðskiptavini berast á milli starfssviða.
- c. reglur um hagsmunaárekstra gilda ekki ef fjármálafyrirtæki hefur ekki heimild til víðskipta fyrir eigin reikning.
- d. ekkert ofangreint á við.